

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Brautarholt, Kjalarnes



Dags eftirlits	17.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Rakel Sæmundsdóttir
Heimili	Saltvík 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600667-0179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi og tvær ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnugrís að Brautarholti þann 17. nóvember 2023.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Sýnataka saurkóligerla
- Nýtt loftræstikerfi
- Förgun hræja
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Engir útreikningar eða greining hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verið fengnir erlendis aðilar til að framkvæma útreikningana. Samkvæmt úrbótaáætluninni áttu niðurstöðu fyrir árið 2021 að liggja fyrir um síðustu áramót. En niðurstöður útreikninganna fyrir árið 2021 hafa ekki borist Umhverfisstofnun og frávikið því enn opið.

Allt þurfnir svínamykjunnar er dreift á tún og land í Hvalfjarðarsveit. Enginn samningur er til staðar við möttökuaðila áburðarins. Samkvæmt úrbótaáætlun mun Stjórnugrís framvegis dreifa þurfnir á eigið land í Saltvík á Kjalarnesi. Stofnuninni bærust samningar við landeigendur um móttöku á áburði frá Brautarholti og dreifingu hans, frávikin telst því lokið.

Meira en 5 ár eru liðin frá síðustu rannsókn á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). Rætt hefur verið við aðila innanlands um að rannsaka innihald mykju fyrir og eftir skiljun og var niðurstaðna að vænta um miðjan desember 2022 samkvæmt úrbótaáætluninni. Í eftirlitinu kom fram að þetta hefur enn ekki verið framkvæmt frávikið er því opið.

2. Kynning á fylgiskjölum

Í eftirlitinu var farið yfir þau skjöl sem send voru rekstraraðila við boðun eftirlitsins. Farið var yfir upplýsingablað um verkefni Umhverfisstofnunar vegna gagnagrunns um mengaðan jarðveg. Ekki var talið að reksturinn hefði í för með sér jarðvegmengun og hann því ekki skráður í gagnagrunninn. Rætt var um upplýsingablaðið um breytt fyrirkomulag um boðun eftirlits ásamt upplýsingablaði um nýja gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

3. Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað of seint eða þann 26. júlí 2023. Bent var á í eftirlitinu að upplýsingar um hvað gert er við aukaafurðir dýra þurfi að uppfæra þar sem þær eru ekki lengur urðaðar.

4. Útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldinu fyrir árið 2022 var skilað of seint eða þann 30. júní 2023.

Upplýsingar um heildarfosfór í vatn og land vantar í ústreymsibókhaldið. Færa skal þessar upplýsingar í bókhaldið ef losunin er meiri en 5.000 kg í vatn eða 5.000 kg á land. Einnig vantaði upplýsingar í ústreymsibókhaldið um heildar köfnunarefnislosun. Færa skal þessar upplýsingar í bókhaldið ef losunin er meiri en sem nemur 50.000 kg í vatn eða 50.000 kg í jarðveg.

Einnig var rekstraraðila bent á að yfirfara upplýsingarnar í ústreymsibókhaldinu um rykmagnið sem reksturinn losar árlega.

5. Sýnataka saurkóligerla

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekur sýni á 3 stöðum við starfsemina á hverju ári. Niðurstöður síðustu ára voru skoðaðar í eftirlitinu og eru þær allar vel innan marka í starfsleyfinu.

6. Nýtt loftræstikerfi

Búið er að setja upp nýtt loftræstikerfi en enginn hreinsibúnaður er á kerfinu en hægt er að tengja hreinsibúnað við það.

7. Förgun hræja

Þetta var rætt í sambandi við græna bókhaldið hér að ofan.

8. Áhættumat

Farið var stuttlega yfir áhættumatið í eftirlitinu.

9. Kvartanir

Umhverfisstofnun hafa borist tvær kvartanir vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti. Önnur varðar ryklosun og hin lyktarmengun. Kvartanirnar voru áframsendar til rekstraraðila þegar þær bárust.

10. Vettvangsferð

Keyrt var um svæðið og haughúsið og snígilpressan skoðuð sérstaklega ásamt staðsetningu útrásarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 11. í reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi.	Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 26. júlí 2023.
Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á útstreymsibókhaldi.	Ústreymsibókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Ústreymsibókhald barst Umhverfisstofnun 30. júní 2023.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu.

Rekstraraðila var einnig bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í ústreymsibókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfsemi einnig að upplýsingar um losun á heildarköfnunarefni og heildar fosfór í bæði vatn og land vantar í ústreymsibókhaldið sé losunin yfir viðmiðunarmörkunum í viðauka II í reglugerð 990/2008 um ústreymsibókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2023



Kristín Kröyer

